

Ed.

181. Frumvarp til laga

um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á heitum uppsprettum í Skútudal í Siglufirði.

Flm.: Bernh. Stefánsson, Einar Árnason.

1. gr.

Siglufjarðarkaupstað er heimilt að taka eignarnámi heitar uppsprettur í Skútudal í Siglufirði ásamt nauðsynlegu landi fyrir gróft og boranir og til virkjunar við uppspretturnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frumvarp þetta er flutt eftir heiðni bæjarstjórnarinnar á Siglufirði, og eru ástæðurnar teknar fram í eftirfarandi fylgiskjölum.

Fylgiskjal I.

pt. Reykjavík, 5. apríl 1941.

Frammi í Skútudal í Siglufirði, um 5 km. frá Siglufjarðarkaupstað, hafa fundizt nokkrar heitar vatnsuppsprettur, sem eru rösklega 40° C. heitar og nema að vatnsmagni til um 0,4 l. á sek. Vatn þetta er bæði hvað áhrærir hita og magn svo lítið, að

ekki getur verið um neina hagnýtingu þess að ræða eins og er. En nú upp á síðkastið, einkum eftir að farið var að bora við þvottalaugarnar í Reykjavík og síðar við Reyki í Mosfellssveit, er í Siglufirði vaknaður almennur áhugi fyrir því, að hafizt yrði handa um gröft og boranir í því skyni að auka bæði hita og magn heita vatnsins. Þessi almenni áhugi kom meðal annars fram í því, að bæjarstjórn Siglufjarðar samþykkti á 500. fundi sínum, sem haldinn var á tuttugu ára afmæli kaupstaðarins 20. maí 1938, að hefja þegar gröft og boranir á uppsprettusvæðinu í Skútudal.

Síðan hefur ekkert orðið úr framkvæmdum, en málið hefur strandað á því, að heitu uppspretturnar og landið í kringum þær eru í einstaklingseigu, en á meðan svo er, taldi bæjarstjórn ekki rétt að leggja í kostnaðarsamar framkvæmdir. Bæjarstjórn taldi það óeðlilegt, að bæjarfélagið verði stórfé til þess að auka hita vatnsins og vatnsmagnið með grefti og borunum, en yrði svo á eltir að kaupa vatnið af landeigandanum, sem ekkert hefði lagt fram til þessara framkvæmda. Náttúrlega yrði bærinn líka að bera kostnaðinn, þó að ekkert vatn fyndist umfram það, sem nú er.

Kaupstaðurinn hefur haft hug á að fá heita vatnið og nokkra landspildu í kringum uppspretturnar keypt, en ýms atvik hafa orðið þess valdandi, að ekkert ákveðið kauptilboð hefur verið sent fyrr en með bréfi, dags. 13. marz s.l. Hins vegar var það ljóst þegar í upphafi, að eigendur heita vatnsins væru ekkert fúsir á að selja heita vatnið, en voru hins vegar fúsir á að leyfa kaupstaðnum að grafa og bora til þess að auka það.

Í kauptilboði sínu, dags. 13. marz s.l., til núverandi eiganda, Guðm. Hannessonar bæjarfógeta, bauðst kaupstaðurinn til þess að kaupa uppspretturnar og efri hluta Skútudals fyrir það verð, er ákveðið yrði með mati tveggja dómkvaddra óvilhallra manna.

Í svarbréfi Guðm. Hannessonar, dags. 15. marz, koma fram ýmsar athugasemdir og mótbáruur við tilboði bæjarstjórnar, sem urðu til þess, að bæjarstjórn breytti tilboði sínu með bréfi, dags. 18. marz, þannig, að kaupstaðurinn bauðst til þess að kaupa heita vatnið í Skútudal ásamt tveggja hektara landspildu í kringum uppspretturnar fyrir verð, er ákveðið yrði með sama hætti og um lögþvingað eignarnám væri að ræða, eða samkv. l. nr. 61 frá 1917. Síðan þetta tilboð var sent, hefur Guðmundur Hannesson sent tvö bréf, dags. 20. og 24. marz, sem bæði fela í sér höfnun á tilboði bæjarstjórnar.

Með bréfi þessu fylgja afrit af bréfum þeim, sem farið hafa á milli Guðmundar Hannessonar og bæjarstjórnarinnar út af máli þessu.

Það, sem aðallega skilur á milli bæjarstjórnarinnar og Guðm. Hannessonar, er þetta: Bæjarstjórnin vill kaupa uppspretturnar eins og þær eru nú og taka á sig áhættuna af því, að gröftur og boranir verði árangurslausar, og að hafa þá hins vegar hagnaðinn, ef árangur næst. Guðmundur Hannesson vill hins vegar leyfa kaupstaðnum að grafa og bora án þess að þurfa að kaupa uppspretturnar, ef enginn árangur næst, en náist árangur, vill hann selja það vatn, sem kaupstaðurinn hefur framleitt með borunum sínum og grefti, eftir mati samkv. ákvæðum laga nr. 61 frá 1917.

Það er þegar fengin full vitneskja um það, að samkomulag mun ekki nást milli bæjarstjórnarinnar og Guðm. Hannessonar um kaup á heitu uppsprettunum.

Bæjarstjórn hefur mikinn áhuga á að fullprófa, hvort ekki væri hægt að fá nægilega mikið og heitt vatn í Skútudal til þess, að það borgi sig að leiða það niður í Siglufjörð, til þess að hita þar með því, þó ekki væri annað en sundlaug og böð í sambandi við hana og nokkur hús, einkum opinberar byggingar: sjúkrahús, barnaskólar og þess háttar. Til þess að þetta sé hægt, að álitu bæjarstjórnar, þarf kaupstaðurinn að öðlast eignarheimild að uppsprettunum og nægilega stóru landi í kringum þær, til þess að geta framkvæmt nauðsynlegan gröft og boranir. Í samræmi við þetta leyfir bæjarstjórn Siglufjarðar sér hér með að fara þess á leit við yður, að þér flytjið á yfirstandandi Alþingi frv. til laga um eignarnámsheimild til handa Siglufjarðarkaupstað á heitu uppsprettunum í Skútudal og nauðsynlegu landi í kringum þær.

Bæjarstjórn vill taka það fram, að allt bendir til þess, að ef eignarnámsheimild

Þessi fæst ekki, verði um ófítekinn tíma ekkert gert til þess að ganga úr skugga um það, hvort uppspretturnar í Skútudal hafi praktískt gildi. Mjög lítlur líkur virðast vera fyrir því, að eigandinn fari sjálfur að leggja í kostnað við gröft og boranir.

Bæjarstjórnin væntir þess, að hæstvirt Alþingi muni taka máli þessu með skilningi og geri Siglufjarðarkaupstað mögulegt að geta hafizt handa í þessu þýðingar-mikla máli.

Bréfi þessu fylgja 6 fylgiskjöl, þ. á m. bréf dr. Trausta Einarssonar, dags. 19. marz 1941, varðandi rannsóknir hans á heita vatninu í Skútudal.

Virðingarfyllst

f. h. bæjarstjórnar Siglufjarðar

Ó. Hertervig. Erl. Þorsteinsson. Áki Jakobsson.

Til þingmanna Eyjafjarðarsýslu.

Fylgiskjal II.

Akureyri, 19. III. 1941.

Eftir ósk yðar, hr. bæjarstjóri, hef ég athugað laugarnar á Skútudal í nánd við Siglufjarðarbæ með tilliti til notkunar laugavatnsins til hitunar bæjarins.

Hitamagn lauganna er mjög lítið, eins og yður er kunnugt, og veltur því þýðing lauganna algerlega á því, hvort líkur séu til, að takast megi með sérstökum aðgerðum að afla á laugasvæðinu þess hitamagns, sem til greina gæti komið fyrir bæinn að virkja, og skal ég hér gera nokkra grein fyrir skoðun minni á því.

Laugarnar liggja dreift á nokkur hundruð metra löngu svæði. Nyrzt er hitinn mestur; mældi ég þar 42°, 44° á tveimur stöðum og mest 48° C. Samanlagt vatnsmagn reyndist þarna 0,4 sekúndulítrar. Annars staðar á hitasvæðinu mældi ég í óverulegum vætlum 30°, 23°, 21° og 13° C. Af þessum tölum er ljóst, hvað hitamagnið hefur litla hagnýta þýðingu.

Hins vegar má af þessum tölum draga nokkrar ályktanir. Hinn ójafni hiti á laugasvæðinu stafar vafalaust af því, að vatnið kólnar mismikið á leið sinni frá upptökum hitans niðri í jörðinni til yfirborðsins, sem aftur stendur í nánu sambandi við ört vatnsrennsli. Þar, sem vatnið mætir mestri móttöðu og rennur hægst til yfirborðsins, kólnar það skiljanlega mest. Í samræmi við þá reglu er hitinn mestur nyrzt á laugasvæðinu, þar sem vatnsrennsli er einnig örast. Spurningin verður þá, hvort einnig það vatn hafi kólnað verulega á leiðinni til yfirborðsins. Ef svo væri, mætti gera ráð fyrir, að með aukningu vatnsins við sérstakar aðgerðir mundi hitinn einnig hækka.

Ég hef nú eftir föngum rannsakað, hvað hitatapið muni almennt vera mikið í laugavatni, og fengið mjög svipaðar niðurstöður á ýmsum laugasvæðum. Eftir því álit ég mjög sterkar líkur fyrir því, að laugavatnið, sem hér um ræðir, hafi ekki kólnað meira en um 10—12° C. í mesta lagi á leið sinni frá upptökum hitans til yfirborðsins. Það þýðir hins vegar, að með meðaldjúpri borun (4—600 m.) ætti ekki að vera unnt að fá heitara vatn á þessum stað en 60°. Þessu til frekari stuðnings má benda á hverina í Ólafsfirði og Fljótum. Á Reykjum og á Skeggjabrekkudal er mest 50° hiti, og virðist þar vera um svo að segja ókólnað vatn að ræða, enda reyndist það svo, er vatnsmagnið var rúmlega tífaldað á Skeggjabrekkudal, að hitinn jókst ekkert. Í Fljótum er hitinn víða um 60°, þar sem vatnsmagn er ekki sérlega lítið. Bendir þetta ótvírætt til þess, að um ókólnað vatn sé að ræða, og jarðlögin, sem vatnið fær hitann úr, séu um 60° heit.

Eftir byggingu landsins í kringum Siglufjörð að dæma, er ekki loku fyrir það skotið, að jarðlögin, sem Skútudalsvatnið fær hitann úr, kunni að vera eitthvað heitari en nefnd jarðlög í Fljótunum, en ég verð að telja harla ólíklegt, að það nemi meira en nokkrum gráðum, og er það í samræmi við það, sem áður var sagt.

Til aukningar á heita vatninu á Skútudal er um tvær leiðir að velja. Önnur er sú, að bora, og er það öruggari leiðin, en jafnframt hin kostnaðarsamari. Hin leiðin er að greiða fyrir rennsli vatnsins með því að ryðja frá uppgönguaugunum. Á Skeggjabrekkudal bar þessi aðferð mjög góðan árangur. Á Skútudal hagar svo til í kringum laugarnar, að mjög þykkur, grófgerður og seinunninn jökulruðningur þekur fastbergið. Hins vegar þarf, ef nokkurs verulegs árangurs á að vera að vænta, að komast niður á fast berg og jafnvel eitthvað ofan í það. Yrði því hér um allkostnaðarsamt verk að ræða, en þó má telja víst, að sá kostnaður yrði aðeins lítill hluti af því, sem ein meðalborhola kostar. Ég mundi því telja rétt að leggja nokkurt fé í gröft, áður en hafizt yrði handa um boranir í stórum stíl, því að með því fengist sennilega betri grundvöllur til að byggja á við hinar kostnaðarsamari aðgerðir. Gröfturinn er hins vegar ekki líklegur til að bera svo góðan árangur, að komizt yrði hjá borunum.

Virðingarfyllt

Trausti Einarsson.

Til bæjarstjórans á Siglufirði.

Fylgiskjal III.

BÆJARSTJÓRINN Á SIGLUFIRÐI

Siglufirði, 13. marz 1941.

Svo hljóðandi tillaga var samþykkt á fundi bæjarstjórnar Siglufjarðar í dag, 13. marz:

„Bæjarstjórn Siglufjarðar samþykkir að gera bæjarfógeta Guðmundi Hannessyni tilboð um að kaupa heitu vatnssuppsprettarnar í Skútudal ásamt Skútudal niður að girðingu fyrir það, er 2 dómkvaddir menn meta, enda séu báðir aðilar fyrir fram búnir að skuldbinda sig til þess að hlíta því verði.“

Ég vænti heiðraðs svars yðar við fyrstu hentugleika, þó eigi síðar en 15. marz n. k.

Áki Jakobsson.

Til bæjarfógetans Guðmundar Hannessonar, Siglufirði.

Fylgiskjal IV.

Siglufirði, 15. marz 1941.

Út af bréfi yðar, herra bæjarstjóri, dags. í gær, um tilboð bæjarstjórnar að kaupa heitu vatnssuppsprettarnar í Skútudal ásamt Skútudal niður að girðingu fyrir verð, sem 2 dómkvaddir menn meta, vil ég taka fram:

1) Það er mjög óframbærilegt af bæjarstjórn að gera tilboð um að kaupa eigur manns eftir mati tveggja dómkvaddra manna, og það alveg upp úr þurru. Það er í fyrsta lagi ósanngjarnt gagnvart þeim, sem tilboðið er gefið, því að, ef hann væri svo grænn að ganga að því, gæti hann ekki áfrýjað matinu, hversu ósanngjarnt sem það væri, en það gæti hann, ef um venjulegt eignarnám væri að ræða, og að ætlast til, að ég semji af mér slikan rétt, er fremur fljótlega ihugað. Þetta er gagnvart mér því ósanngjarnara, sem ég hef eignast Syðri-Skútu (= hálfá Efri-Skútu) eftir að ég fyrst hafði barizt fyrir því á bæjarstjórnarfundi, að bærian keypti landið (Efri-Skútu), og fyrst að bænum frágengnum keypt jörðina, eins og sjá má í gerðabók bæjarstjórnar. Hitt er þó ekki betra gagnvart bæjarstjórninni, að bæjarstjórnin getur ekki heldur áfrýjað matinu, hversu ósanngjarnt sem henni kynni að þykja það! Það er og því varhugaverðara fyrir báða aðila að hlíta mati 2ja dómkvaddra manna, þar

sem hér á að meta alveg óvenjulegt verðmæti, sem ætla má, að menn með sérþekkingu þurfi til að meta af nokkru viti, en sérstakt yfirmat laganna gerir ráð fyrir þeirri sérþekkingu.

2) Mér er alveg óskiljanlegt, hvers vegna bæjarstjórnin er að seilast til Skútudalsins utan girðinga. Ég hef áformað að koma upp þarna nýbýli, en það yrði útilokað, ef Skútudalurinn utan girðinga væri af hendi látinn. Mun ég sporna móti því í lengstu lög, og mér þykir fremur ósennilegt, að bærinn fengi heimildarlög til eignarnáms til þess að taka Skútudalinn. Mér finnst og, að bæjarstjórn ætti að vera það kærkomið, ef aukið væri við býlin eða ræktunina í firðinum og vildi sízt torvela slíkt, þótt á hennar valdi væri, sem ég býst ekki við, að verði að þessu leyti.

3) Hins vegar finnst mér ekki nema eðlilegt, að bæjarstjórnin vilji ekki láta dragast lengur að koma í framkvæmd þja ára gamalli ákvörðun sinni, tekinni á 500. fundi bæjarstjórnar, að fá heitt vatn úr Skútudal til upphitunar húsa í bænum. Enda þótt ég hafi áformað að koma þarna upp gróðurhúsum með heitu vatni, vil ég þó — þar sem bæjarstjórnin virðist allt í einu hafa fengið svo bráðan áhuga á málinu, að hún vill fá svar við málaleitan sinni ekki síðar en 2 dögum eftir að hún gefur tilboðið — ekki vera því til hindrunar, að eignarnám án eignarnámslaga fari fram á þessu ári til bæjarstjórnar Siglufjarðarkaupstaðar á heitu uppsprettunum og heita vatninu í Skútudal, gegn eftirfarandi skilyrðum:

1) að eignarnámið og matið fari að öllu eftir eignarnámslögum 61/1917, bæði að því er snertir skipun matsmanna og yfirmatsmanna og rétt aðila til þess að fá yfirmat og til þess að eignarnámsbækur miðist við og ákveðist alveg eins og um lögþvingað eignarnám væri að ræða.

2) að bærinn greiði allan kostnað við mat og yfirmat.

3) að allur gróftur fari þannig fram, að sem minnst jarðspjöll og jarðrask verði að, án þess að með því sé þó hindraður eða torveldaður réttur bæjarins til þess að leita þar eftir heitu vatni, sem álitlegast þykir, en ef gróftur eða borholur verði talin hættuleg skepnum, séu þar borholur eða sá gróftur sérstaklega afgirt á kostnað bæjarins með öruggri girðingu og þeirri girðingu við haldið af bænum. Mat á jarðraski fari svo fram eftir sömu lögum, ef aðilar geta ekki komið sér saman um það, en mér fyrir mitt leyti þykir ósennilegt, að um nokkuð veruleg landspjöll þurfi að vera að ræða af greftinum, borholunum eða væntanlegum hitaleiðslum. Það væri þá helzt við að koma fyrir tækjum meðan á borun stendur, en því gæti bærinn bætt úr með því að rækta þá bletti, sem skemmdust. Ekki þarf bærinn að ásælast landið til þess að koma þarna upp vermireitum og vermihúsum, því að með því að leiða heita vatnið yfir Skútuána í land bæjarins þar hjá getur bærinn komið vermihúsum þar upp í sínu landi. Hitaleiðslan úr landi Syðri-Skútu í bæjarlandið yrði þá ekki nema fáeinir fadmar að lengd. Annars virðist, þegar heitt vatn er komið til bæjarins, að vermihús bæjarins ættu að vera í bænum.

4) að bæjarstjórn kosti, þegar eigandi Syðri-Skútu krefst þess, að hálfu til móts við eiganda Syðri-Skútu fimm víra löggirðingu meðfram Skútuá, til þess að hindra ágang búfjár úr landi bæjarins í land Syðri-Skútu og öfugt, og viðhald að hálfu á þeirri girðingu, enda fái bærinn að hálfu á móts við eiganda Syðri-Skútu væntanlegan jarðabótastyrk út á þá girðingu.

5) að báðir aðilar, eigandi Syðri-Skútu og bæjarstjórn, hlíti yfirmati, en þar sem hér er þörf sérþekkingar á verðmæti heita vatnsins, mun ég krefjast sérstaks yfirmats.

6) að aldrei megi taka svo mikið heitt vatn, að jörðin Syðri-Skúta hafi eigi nægilegt heitt vatn til eigin afnota, þar á meðal til reksturs vermihúsa í landi jarðarinnar. Finnst mér, að bærinn eigi sanngirniskröfu til þess að fá heita vatnið til þess að hita upp bæinn, en enga sanngirniskröfu til þess að fá land til annars en undir hitaleiðslur og dælistöðvar og að fá að gera nauðsynlegt jarðrask í landi jarðarinnar vegna skurðagraftar og borunar og fyrir graftæki sín meðan á borun og grefti stendur, en að hann hafi enga sanngirniskröfu til þess að svipta jörðina öllu

heitu vatni, enda gætir þess að engu fyrir upphitun bæjarins, hvort jörðin fái nægilegt heitt vatn til eigin þarfa, þar á meðal til vermihúsa og vermireita í landi jarðarinnar.

7) Þetta tilboð mitt fellur niður, ef bæjarstjórn samþykkir ekki tilboðið og tilkynnir mér það innan hálf mánaðar. Ef bæjarstjórn vill fá sér eignarnámsheimildarlög, mun ég mótmæla því, að bæjarstjórnin fái nokkur heimildarlög til þess að land verði tekið eignarnámi, en henni má heimilast land til graftar og borunar og fyrir hitaleiðslur, og ég mun krefjast þess, að eigi verði heimilað að taka svo mikið heitt vatn, að jörðin hafi eigi til eigin afnota, þar á meðal til reksturs vermihúsa og vermireita.

Gerir og ráð fyrir, að þér, herra bæjarstjóri, viljið skýra bæjarstjórninni frá, að hún með heimildarlögum til eignarnáms muni varla fá meiri umráð en hér er boðið fram af mér af fúsum vilja.

Virðingarfyllst,

G. Hannesson.

Til bæjarstjórans, Siglufirði.

Fylgiskjal V.

BÆJARSTJÓRINN Á SIGLUFIRÐI

Siglufirði, 18. marz 1941.

Á fundi allsherjarnefndar í dag var út af bréfi yðar, dags. 15. marz s. l., gerð svo hljóðandi samþykkt, sem jafnframt er nýtt tilboð til yðar:

„Út af gagntilboði Guðmundar Hannessonar bæjarfógeta, dags. 15. marz, þar sem hann býðst til að selja heita vatnið í Skútudal samkv. mati eftir eignarnámslögnum og ýmsum viðbótarskilyrðum, vill allsherjarn. til samkomulags gera honum eftirfarandi tilboð:

Siglufjarðarkaupstaður kaupir heita vatnið í Skútudal ásamt tveggja hektara landspildu í kringum uppspretturnar. Verðið skal ákveðið samkvæmt fyrirráðum í 2., 6. og 7. gr. laga nr. 61 frá 14. nóv. 1917. Strax og byrjað væri að grafa eða bora, skuldbindur kaupstaðurinn sig til þess að girða svæðið gripheldri girðingu.

Svar við tilboði þessu óskast eigi síðar en 20. marz n. k.“

Þetta tilkynnist yður hér með.

Áki Jakobsson.

Til hr. Guðmundar Hannessonar, Siglufirði.

Fylgiskjal VI.

Siglufirði, 20. marz 1941.

Út af bréfi yðar, herra bæjarstjóri, dags. 18. þ. m., um samþykkt allsherjarnefndar s. d., vil ég taka fram:

1. Ég held mér í öllu við hréf mitt 15. þ. m., þar er gengið út frá:

- a. að bærinn fái nauðsynlegt land til mannvirkja til þess að ná heita vatninu (m. a. land til dælistöðva) og til þess að leiða heita vatnið úr landinu;
- b. að bærinn fái hvar sem er í landinu ótakmarkaðan rétt til þess að gera jarðrask, boranir, skurði o. s. frv., sem nauðsynlegt þyki til þess að leita að heita vatninu og koma fyrir nauðsynlegum vinnutækjum.

Með þessu öllu er bærinn búinn að fá alla sanngirnisheimild til heita vatnsins

og nauðsynlegs lands í sambandi við að ná í heita vatnið og leiða það burtu. Þetta tilboð mitt er bænum líka a. m. k. að einu leyti meira í vil en tilboð sjálfrar allsherjarnefndar, því að það tilboð heimilar ekki bænum að gera jarðspjöll til þess að leita að vatni utan þessara tveggja hektara, sem bærinn vill eignast, en útilokað er það ekki, að heitt vatn fyndist utan þess svæðis.

2. Til samkomulags skal ég þó ganga inn á, að bærinn, auk þess lands, er getur undir a og b hér að framan, fái rétt til 2000 ferálna lands í dalnum kringum heitavatsuppsprettarnar, allt gegn mati samkv. bréfi mínu frá 15. þ. m. Eins og kunnugt er, skilur aðeins stór bæjarlækur, Skútuáin, land Syðri-Skútu og bæjarins í þessum Skútudal. Ef bærinn vill rækta nálægt hinum heitu uppsprettum, á hann til þess nóg land sjálfur, — allan dalinn sunnan Skútuár (sem í daglegu tali er kallaður Saurbæjardalur), og vermihúsarekstur gæti bærinn hafið með því að leiða vatnið nokkra faðma yfir í sitt land hinum megin Skútuár, en bezt ætti við að hafa vermihúsin og vermireiti í bænum sjálfum eftir að heita vatnið er komið þangað. Hins vegar útilokast, að ég geti komið upp nýbýli í Syðri-Skútu, ef bærinn fengi meira af þessu landi en ég býð fram. Ég get ekki heldur hugsað mér, að það sé bænum í hag að hækka eignarnámsverðið á heita vatninu með því að koma að litt skyldum málefnum, eins og þeim að taka bezta ræktunarlandið og eina heita jarðsvæðið til kartöfluræktunar og vermireita, sem Syðri-Skúta á í dalnum, og láta á hitunarfyrirtæki koma matsbætur fyrir að eyðileggja möguleikann á að koma upp býli í firðinum.

3. Hitaveitufyrirtæki bæjarins á að beinast að því einu að ná heita vatninu í dalnum og leiða það til bæjarins, og þarf ekki land til annars en að ná vatninu og undir hitaleiðslu, auk réttar til þess að leita að vatninu hvar sem er í landinu og gera nauðsynlegt jarðrask í því skyni, en eignarnámsheimild til frekara lands mun ég mótmæla.

Þetta tilboð mitt fellur niður, ef bæjarstjórnin hefur eigi fyrir lok þ. m. tilkynnt mér, að hún hafi samþykkt það.

Virðingarfyllst,

G. Hannesson.

Bæjarstjórinn, Siglufirði.

Fylgiskjal VII.

Siglufirði, 24. marz 1941.

Til þess að létta bænum kostnað við að grafa eftir heitu vatni í landi jarðarinnar Syðri-Skútu, lýsi ég því yfir, að ég leyfi hér með bænum ókeypis að grafa eftir heitu vatni hvar sem er í landi jarðarinnar næstu 2 ár, enda hefjist gröftur fyrir 1. júlí næsta og sé stöðugt fram haldið með hæfilegum hraða þetta tímabil, nema bæjarstjórn lýsi áður yfir, að hún sé hætt við frekari gröft. Nú vill bæjarstjórn virkja hið heita vatn og leiða það burtu, og fer þá um mat og sérstakt yfirmat á heita vatninu, jarðraski og nauðsynlegu landi undir mannvirki til þess að virkja heita vatnið og leiða það burtu, eftir eignarnámslögnum 61/1917, án nokkurrar eignarnámsheimildar, alveg eins og um lögþvingað eignarnám væri að ræða.

En ef bærinn virkjar heita vatnið, vil ég þó auk þess selja honum eftir mati 2000 ferálna lóð undir aðrar byggingar (umfram það land, sem nauðsynlegt er til mannvirkja til þess að ná heita vatninu og leiða það burtu).

Nú vill bæjarstjórn ekki virkja heita vatnið, og greiðir hún þá aðeins fyrir jarðrask eftir mati matsmanna samkv. tédum lögum, ef aðilar koma sér ekki saman um bætur fyrir jarðraskið, sem ég býst fastlega við, að samkomulag verði um.

T. d. hefur sama og ekkert jarðrask orðið að Reykjum við hitavatsvirkjun Reykjavíkur og Reykjavík ekki þurft að halda á nokkru landi, nema fáeinna ferálna undir brunna og borholur.

Þetta tilboð mitt fellur burtu, ef mér er ekki tilkynnt fyrir lok þessa mánaðar, að bæjarstjórn hafi samþykkt það.

Ég hef tvisvar áður boðið sundlaugarnefnd ókeypis land undir sundlaug fyrir bæjarbúa og ókeypis heitt vatn til sundlaugarinnar um aldur og ævi, en því var hafnað á þeirri forsendu, að landið í kring myndi svo hækka í verði, ef grafið væri eftir auknu heitu vatni til sundlaugar. Nú er það ekki sundlaugarnefnd, heldur bæjarstjórn, sem velur þá leið, er henni finnst skynsamlegust fyrir bæinn.

Virðingarfyllt,

G. Hannesson.

Bæjarstjórinn, Siglufirði.